

# Skemmtilegt í skólahljómsveit



# Í Árbæ og Breiðholti

## Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Aðsetur: Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, 109 Reykjavík

Sími: 664 8156

Netfang: edward@breidholtsskoli.is

Hljómsveitarstjóri: Edward Frederiksen

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts (SÁB) eru grunnskólanemar úr Árbæ og Breiðholti. Þrjár blásarasveitir eru innan hennar og skipast nemendur í þær eftir aldri og getu. Megináhersla er lögð á að kenna nemendum hljómsveitarsamleik, en hljóðfæranám fer jafnframt fram í einkatímum.

Kennt er á þau málm- og tréblásturshljóðfæri sem notuð eru í hefðbundnum blásarasveitum.



auk slagverks. Hljómsveitaræfingar eru í Breiðholtsskóla, en leitast er við að hafa einkatíma á skólatíma og í heimaskóla nemenda eða innan hverfisins. Sveitin heldur tvenna árvissa tónleika um jól og að vori, aðrir tónleikar eru tilfallandi. Allir nemendur gangast undir vorpóf en áfangapróf eru tekin samkvæmt námskrá tónlistarskóla.

## Skólahljómsveitir í öllum borgarhlutum - Skólahljómsveitir í öllum borgum

# Í Austurbæ

## Skólahljómsveit Austurbæjar

Aðsetur: Laugarnesskóli, Kirkjuteig 24, 105 Reykjavík

Sími: 664-8404

Netfang: skolaus@laugarnesskoli.is

Hljómsveitarstjóri: Vilborg Jónsdóttir

Skólahljómsveit Austurbæjar var stofnuð 1955 og hefur starfað óslitið síðan, en í 30 ár starfaði hún í nafni Laugarnesskóla. Hljómsveitin þjónar öllum grunnskólum í austurborginni.

Í henni eru 120 nemendur í þremur sveitum A, B og C og er skipað í þær eftir aldri og getu. Samvinna er við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins.

Samæfingar fara fram í Laugarnesskóla en hljóðfæratímar eru í ýmsum skólum hverfisins. Haldnir eru tónleikar tvisvar til þrisvar á ári ásamt því að spila við ýmsar uppákomur á vegum skólanna. Farið er í æfingabúðir og ferðalög bæði innanlands og utan.



# Í Grafarvogi



## Skólahljómsveit Grafarvogs

Aðsetur: Foldaskóli, Logafold 1, 112 Reykjavík

Sími: 587 8189, farsími (+354) 664 8189

Netfang: [blasarinn@foldaskoli.is](mailto:blasarinn@foldaskoli.is)

Veffang: [www.skolahljomsveitir.is/grafarvogs](http://www.skolahljomsveitir.is/grafarvogs)

Hljómsveitarstjóri: Einar Jónsson

Hljómsveitin skiptist í þrjár aðalsveitir eftir aldri og getu auk slagverkssveitar og annarra minni hópa. Æfingatími aðalsveitanna er auglýstur á heimasíðu hljómsveitarinnar. Kennt er á þau blásturshljóðfæri sem eru í hefðbundnum bláasarasveitum auk slagverks og rafmagnsbassa. Leitast er við að hafa hljóðfæratíma í heimaskóla nemenda á skólatíma þegar það er mögulegt.



Sveitin sinnir nemendum í öllum grunnskólum í Grafarvogi og Grafarholti. Kennt er samkvæmt *Aðalnámskrá tónlistarskóla* og taka nemendur áfangapróf eða stigspróf. Rekið er kröftugt hljómsveitastarf með æfingaferðum, landsmóts- og utanlandsferðum. Öflugt foreldrafélag styður við sveitina. Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu.

## Um borgarhlutum - Skólahljómsveitir í öllum borgarhlutum

# Í Vesturbæ og Miðbæ

## Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar

Aðsetur: Hljómskálinn, v/Fríkirkjuveg, 101 Reykjavík

Sími: 561 4661, 861 4661

Netfang: [grimsson@centrum.is](mailto:grimsson@centrum.is)

Hljómsveitarstjóri: Lárus Halldór Grímsson

Í hljómsveitinni eru rúmlega 140 nemendur í þremur til fjórum sveitum. Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar hefur verið starfrækt í 54 ár og haft nær allan þann tíma sínar samæfingar í Hljómskálanum við Tjörnina. Stjórnendur hafa verið tveir frá stofnun sveitarinnar.

Einkatímar eru í grunnskóla hvers nemanda en hljómsveitin er með nemendur úr grunnskólum í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum.

Á hverju vori fer hljómsveitin í ferðir innanlands og heimsækir aðrar hljómsveitir. Hún fer reglulega í utanlandsferðir og hefur m.a. tekið þátt í Gautaborgarfestivalinu og farið til Worcester á Englandi.



## Metnaðarfullt hljóðfæranám hjá úrvalskennurum

Í skólahljómsveitunum er boðið upp á metnaðarfullt hljóðfæranám með vel menntuðum kennurum sem hafa mikla reynslu og þekkingu. Námið fylgir Aðalnámskrá tónlistarskólanna með viðurkenndum prófum; grunnprófi og miðprófi, auk tónfræðanáms.

Meginmarkmið skólahljómsveitanna er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda í tónlist og styðja við tónlistaruppeldi þeirra í samstarfi við skólana. Hlutverk og markmið skólahljómsveita er að:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.
- Jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.
- Efla félagsleg samskipti.
- Efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.
- Stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram.
- Stuðla að tónlistaruppeldi annarra ungmenna með því að koma fram á vegum grunnskólanna.

## Aðaláhersla á samspil

Mikilvægt er að nemendur sem hefja nám í Skólahljómsveit geri sér grein fyrir að aðaláherslan er á samspil og allir nemendur taka virkan þátt í æfingum sveitanna og tónleikahaldi. Í einkatímum fá nemendur kennslu og þjálfun í að spila á sitt hljóðfæri.

## Blásturshljóðfæri - ásláttarhljóðfæri

Í skólahljómsveitum er kennt á öll helstu málm- og tréblásturshljóðfæri auk slagverkshljóðfæra. Einnig eru dæmi um að kennt sé að bassa. Hægt er að leigja hljóðfæri hjá sveitinni. Ekki er víst að allir komist að til að læra á óskahljóðfærið sitt, en hafa skal í huga að undirstöðukunnátta á eitt hljóðfæri nýtist ávallt í áframhaldandi tónlistarnámi.



## Innritun og umsóknafrestur

### Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Umsóknum frá núverandi nemendum ber að skila seinast 8. maí, óski þeir eftir að halda áfram námi.

Í haust 2009 er innritun í Breiðholtsskóla (tannlæknastofunni), þriðjudag 25. og miðvikudag 26. ágúst, kl 17:00 - 19:00.

### Skólahljómsveit Grafarvogs

Skriflegur umsóknarfrestur er til 1. júní 2009.

Mikilvægt er að núverandi nemendur skili inn umsóknum til að tryggja forgang fram yfir nýja nemendur. Nýir umsækjendur geta þó sótt um allt árið.

### Skólahljómsveit Austurbæjar

Skriflegur umsóknarfrestur er til 1. júní 2009

### Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar

Skriflegur umsóknarfrestur er til 1. júní 2009

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í skrifstofum skólanna en einnig er hægt að nálgast það á eftirtöldum vefsíðum:

[www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

[www.skolahljomsveitir.is](http://www.skolahljomsveitir.is)



## Nýting frístundakorts í skólagjöldin

Vakin er athygli á því að hægt er að nýta Frístundakort Reykjavíkurborgar til að greiða hluta skólagjalda í Skólahljómsveitum Reykjavíkur.

Útgefandi: Menntasvið Reykjavíkurborgar - maí 2009